

Atvinnuveganefnd,

Undirritaður styður ákvæði frumvarpsins um að setja aflamark á grásleppu.

Undanfarið hefur skoðun undirritaðs styrkst um að þetta sé rétt ákvörðun. Oft eru markaðshorfur ekki góðar með

Sölu á grásleppuafurðum. Núverandi sóknarmarks kerfi leiðir til offramboðs og lágs afurðaverðs sem ekki viðheldur sjálfbærni í greininni.

Við þessar aðstæður eru það ekki hagsmunir grásleppusjómannanna að hefja veiðar í sóknarmarki og viðhalda lágu verði og offramboði í markaðnum.

Fáar greinar sjávarútvegs hafa verið eins erfiðar með sölu afurða eins og grásleppan.

Undirritaður lýsir sig fylgjandi svæðaskiptingu veiðisvæða við grásleppuveiðar þannig að bátar skráðir á svæðinu stundi veiðar þar.

Álftanesi 11. Maí 2023

Kveðja / Best regards
Garðar ÞH 122 (2339)
Jóhann A. Jónsson